

Bréf menntamálaráðuneytisins til skólastjóra, um bindindiseftirlit í skólum.

212

16. sept.

Ráðuneytið telur nauðsynlegt, að strangt bindindiseftirlit sé haft í skólum landsins. Er því lagt fyrir skólastjóra í skólum, sem fræðslumálastjórninni lúta, að sjá um að eftirfarandi fyrirætlun sé hlýtt:

1. Í skólabýggingum, sem reistar eru með styrk af almannafé og/eða standa undir eftirliti fræðslumálastjórnar, má ekki hafa áfengi um hönd á skemmtunum eða fundum, sem nemendur eða aðrir halda í skólunum. Eigi má heldur áfengi um hönd hafa í skemmtiferðum nemenda, sem farnar eru á vegum skólanna eða fyrir þeirra atbeina.
2. Nemendum skal gefin ströng áminning, ef þeir koma í kennslustundir undir áhrifum víns eða neyta áfengis í hóbólum skólans. Sé endurtekinni áminningu ekki sinnt, skal hinum brotlega vikið úr skóla.
3. Komi kennari í kennslustund undir áhrifum víns eða vanræki kennslu eða önnur skyldustörf í skólanum sakir áfengisneyzlu, ber hlutaðeigandi skólastjóra þegar í stað að gera fræðslumálastjórninni aðvart, og mun slík hegðun kennara látin varða stöðumissi. Sama gildir, ef kennari verður sannur að hneykslanlegri framkomu á almannaferi sakir vinnneyzlu.

Skólastjórar bera ábyrgð á, hver í sínum skóla, að farið sé eftir fyrirætlunum þessum, og skulu námsstjórar einnig hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sveins Bjarnasonar, Heykollsstöðum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. okt. 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

213

2. okt.

fyrir Minningarsjóð Sveins Bjarnasonar, Heykollsstöðum.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður á 70 ára afmæli Sveins Bjarnasonar, 12. nóv. 1949, með gjöfum frá sveitungum hans og öðrum vinum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4000.00.

3. gr.

Sjóður þessi er eign Tunguhrepps í Norður-Múlasýslu, og skal honum varið sem skipulagsskrá þessi ákveður.

4. gr.

Fé sjóðs þessa skal geyma og ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Skulu vextir sjóðsins leggjast við stofnféð þar til að ársvextir verða kr. 600.00. Skulu þá kr. 200.00 þeirra leggjast árlega við sjóðinn, en hinum hlutanum úthluta samkvæmt ákvæðum skipulagsskrárinnar.

Stofnfé og viðlagða vexti má aldrei skerða.

59